

## Fylgiskjal A: Samstarfsyfirlýsing forstöðumanns

### Samstarfsyfirlýsing Vegna rannsóknarinnar: Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.

**Ábyrgðarmaður rannsóknar:** Snæfríður Þóra Egilson, dósent.

**Rannsakandi:** Guðrún Sigurðardóttir, meistaranemi.

Undirritaður, Erlingur Kristjánsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar á Akureyri, lýsi hér með yfir vilja til samstarfs við ofangreinda aðila vegna lokaverkefnis Guðrún Sigurðardóttur til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Samstarfið felst í því að kynna rannsóknina fyrir væntanlegum þátttakendum, afhenda þeim upplýst samþykki til undirritunar, taka við samþykkisyfirlýsingum og koma til Guðrúnar. Á sama hátt að kynna rannsóknina fyrir foreldrum/forráðamönnum þátttakenda undir 18 ára aldri, afhenda þeim upplýst samþykki til undirritunar og taka við samþykkisyfirlýsingum. Samstarfið felst einnig í því að taka þátt í vali á þátttakendum ef fleiri en 12 ungmenni samþykkja þátttöku. Samstarfið getur ennfremur falist í ýmis konar liðsinni s.s. að veita aðgang að viðtalsaðstöðu í húsnæði Fjölsmiðjunnar að Óseyri 1.

---

Staður og dagsetning

---

Erlingur Kristjánsson forstöðumaður  
Fjölsmiðjunnar á Akureyri

## Fylgiskjal B: Samþykki Vísindasiðanefndar



VÍSINDASIÐANEFND

Vegmúla 3, 108 Reykjavík,

Sími: 551 7100, Bréfasími: 551 1444

netfang: vísindasiðanefnd@vsn.stjr.is

Snæfríður Þóra Egilson, prófessor  
Sæviðarsundi 39  
104 Reykjavík

Reykjavík 8. september 2009

Tilv.: VSNb2009060014/03.7

Efni: Varðar: 09-078-S1 Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.

Vísindasiðanefnd þakkar svarbréf þitt vegna áðursendra athugasemda við ofangreinda rannsóknaráætlun sbr. bréf nefndarinnar dags. 25.08.2009. Í bréfinu koma fram svör og skýringar til samræmis við athugasemdir Vísindasiðanefndar og því fylgdu m.a. ný og endurbætt upplýsinga- og samþykkisbréf til þátttakenda rannsóknarinnar, ný og endurbætt umsókn.

Fjallað var um svarbréf þitt og önnur innsend gögn á fundi Vísindasiðanefndar 08.09.2009 og voru þau talin fullnægjandi.

Rannsóknaráætlunin er endanlega samþykkt af Vísindasiðanefnd.

Vísindasiðanefnd bendir rannsakendum vinsamlegast á að birta VSN tilvísunarnúmer rannsóknarinnar þar sem vitnað er í leyfi nefndarinnar í birtum greinum um rannsóknina. Jafnframt fer Vísindasiðanefnd fram á að fá send afrit af, eða tilvísun í, birtar greinar um rannsóknina. Rannsakendur eru minntir á að tilkynna rannsóknarlok til nefndarinnar.

Með kveðju,  
f.h. Vísindasiðanefndar.

dr. med., Björn Rúnar Lúðvíksson, læknir, formaður

## Fylgiskjal C: Tilkynning til Persónuverndar

Snæfriður Þóra Egilson  
Sæviðarsundi 39  
104 Reykjavík



Persónuvernd


Rauðlaugavegur 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 heðskími: 510 9606  
netfang: pover@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 1. júlí 2009  
Tilvísun: S4420/2009/ LSL/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttengið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S4420/2009 og fylgir afrit hennar hjálgað.

Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllt,

  
Lárus Sigurðir Lárusson

- Hjál.: - Tilkynning nr. S4420/2009 um vinnslu persónuupplýsinga.

## Fylgiskjal D: Kynningarbréf



Akureyri, september 2009

**Vegna rannsóknarinnar:  
Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.**

### Kynningarbréf.

**Ábyrgðarmaður rannsóknar:** dr. Snæfríður Þóra Egilson, iðjuþjálfari og dósent við Háskólann á Akureyri, sími: 4608453, netfang: [sne@unak.is](mailto:sne@unak.is)

Kæri starfsmaður í Fjölsmiðjunni.

Tilfni þessa bréfs er að óska eftir þátttöku þinni í rannsókn um aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri. Markmið með rannsókninni er að fá fram sjónarhorn þátttakenda á líf sitt og möguleika til framtíðar, t.d. varðandi það að fara í skóla eða fá atvinnu og lifa sjálfstæðu lífi. Einnig að fá fram viðhorf þeirra til starfsins í Fjölsmiðjunni og annars stuðnings fyrir ungt fólk. Vonast er til að fram komi vísbendingar um hvers konar stuðningur nýtist ungu fólki best. Rannsóknin er liður í lokaverkefni Guðrúnar Sigurðardóttur til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Rannsóknin verður tvíþætt. Í fyrri hluta hennar verður lagður fyrir spurningalisti sem kallaður er bjargráðakvarði, (Measure of Adolescent Coping Strategies, MACS). Kvarðinn er hannaður til þess að skoða hvaða aðferðir ungt fólk notar til þess að takast á við aðstæður í daglegu lífi. Seinni hlutinn felst í því að tekin verða viðtöl við einstaklinga sem starfa í Fjölsmiðjunni. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð.

Það er undir þér komið hvort þú samþykkir þátttöku í rannsókninni. Góð þátttaka er grundvöllur þess að rannsóknin geti farið fram og því er samþykki þitt mikils virði. Ef þú vilt taka þátt skaltu láta Erling Kristjánsson, forstöðumann vita og afhenda honum samþykkisyfirlýsingu þína. Ef þú byrjar en vilt svo hætta í rannsókninni máttu það hvenær sem er. Þú þarft heldur ekki að svara þeim spurningum sem þú treystir þér ekki til að svara eða vilt ekki svara. Ef þú ert ekki orðinn 18 ára þarf samþykki foreldris eða forráðamanns.

Fyllsta trúnaðar og nafnleyndar verður gætt varðandi allar upplýsingar sem verður aflað í rannsókninni. Farið verður með persónuupplýsingar og skráningu þeirra í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þú getur treyst því að nafnið þitt og öll önnur nöfn sem þú hugsanlega nefnir munu hvergi koma fram í gögnum. Frumgögnum verður eytt að rannsókn lokinni. Eftir að rannsókn lýkur verður skrifuð rannsóknarskýrsla sem verður aðgengileg á bókasafni Háskólans á Akureyri.

Virðingarfyllst,

Guðrún Sigurðardóttir

dr. Snæfríður Þóra Egilson

## Fylgiskjal E: Upplýst samþykki



**Vegna rannsóknarinnar:  
Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.**

### Upplýst samþykki.

Undirrituð/ritaður hef lesið kynningarbréf um þátttöku í rannsókninni: Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.

Rannsóknin er liður í lokaverkefni Guðrúnar Sigurðardóttur til meistaraprófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Leiðbeinandi er dr. Snæfríður Þóra Egilson dósent við HA.

Þátttaka felur í sér að ég svari spurningalistanum; Measure of Adolescent Coping Strategies (MACS) og eigi samtal við rannsakanda, Guðrúnu Sigurðardóttur, um líf mitt og starf í Fjölsmiðjunni.

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og þess vandlega gætt að ekki verði hægt að rekja þær.

**Ég samþykki hér með að taka þátt í rannsókninni eins og henni er lýst. Mér er frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi hennar sem er.**

\_\_\_\_\_  
Undirskrift þátttakanda

\_\_\_\_\_  
Staður og dagsetning

Undirskrift rannsakanda til staðfestingar að upplýsts samþykkis hafi verið aflað:

\_\_\_\_\_  
Undirskrift rannsakanda

*Upplýst samþykki fyrir þessari rannsókn er í tvíriti og heldur þátttakandi eftir öðru eintaki af því. Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða villt hætta þátttöku í rannsókninni, getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla3, 108 Reykjavík, sími 551 7100, fax 5511444.*

## Fylgiskjal F: Kynningarbréf til foreldra/forráðamanna



Akureyri, september 2009

**Vegna rannsóknarinnar:  
Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.**

### **Kynningarbréf til foreldra.**

**Ábyrgðarmaður rannsóknar:** dr. Snæfríður Þóra Egilson, iðjubjálfi og dósent við Háskólann á Akureyri, sími: 4608453, netfang: [sne@unak.is](mailto:sne@unak.is)

Kæra foreldri/forráðamaður

Tilfni þessa bréfs er að kynna fyrir þér rannsókn um aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri og óska eftir að þú samþykkir að barnið þitt taki þátt í rannsókninni. Markmið með rannsókninni er að fá fram sjónarhorn þátttakenda sjálfra á líf sitt og möguleika til framtíðar, t.d. varðandi það að fara í skóla eða fá atvinnu og lifa sjálfstæðu lífi. Einnig er markmiðið að fá fram viðhorf til starfsins í Fjölsmiðjunni og annars stuðnings fyrir ungt fólk. Vonast er til að fram komi vísbendingar um hvers konar stuðningur nýtist ungu fólki best. Rannsóknin er liður í lokaverkefni Guðrúnar Sigurðardóttur til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Rannsóknin verður tvíþætt. Í fyrri hluta hennar verður lagður fyrir spurningalisti sem kallaður er bjargráðakvarði (Measure of Adolescent Coping Strategies, MACS). Kvarðinn er hannaður til þess að skoða hvaða aðferðir ungt fólk notar til þess að takast á við aðstæður í daglegu lífi. Seinni hlutinn felst í því að tekin verða viðtöl við einstaklinga sem starfa í Fjölsmiðjunni. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð.

Góð þátttaka er grundvöllur þess að rannsóknin geti farið fram og því er samþykki þitt mikils virði. Ef þú samþykkir þátttöku barns þíns biðjum við þig að láta Erling Kristjánsson, forstöðumann vita og afhenda honum samþykkisyfirlýsingu þína. Bæði unglingurinn sjálfur og foreldri/forráðamaður hans þurfa að samþykkja þátttöku til þess að unglingurinn geti tekið þátt í rannsókninni.

Fyllsta trúnaðar og nafnleyndar verður gætt varðandi allar upplýsingar sem verður aflað í rannsókninni. Farið verður með persónuupplýsingar og skráningu þeirra í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Frumgögnum verður eytt að rannsókn lokinni. Eftir að rannsókn lýkur verður skrifuð rannsóknarskýrsla sem þú getur fengið aðgang að óskir þú þess en skýrslan verður aðgengileg á bókasafni Háskólans á Akureyri.

Virðingarfyllt,

Guðrún Sigurðardóttir

dr. Snæfríður Þóra Egilson

**Fylgiskjal G: Upplýst samþykki foreldra/forráðamanna og barns**



**Vegna rannsóknarinnar:  
Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.**

### **Upplýst samþykki foreldris/forráðamanns.**

Undirrituð/ritaður hef lesið kynningarbréf um þátttöku barnsins míns í rannsókninni:  
Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.

Rannsóknin er liður í lokaverkefni Guðrúnar Sigurðardóttur til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Leiðbeinandi er dr. Snæfríður Þóra Egilson dósent við HA.

Þátttaka felur í sér að barnið mitt svari spurningalistanum; Measure of Adolescent Coping Strategies (MACS) og eigi samtál við rannsakanda, Guðrúnu Sigurðardóttur, um líf þess og starf í Fjölsmiðjunni.

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og þess vandlega gætt að ekki verði hægt að rekja þær.

**Ég samþykki hér með að barnið mitt taki þátt í rannsókninni eins og henni er lýst.**

---

Undirskrift foreldris/forráðamanns

---

Staður og dagsetning

Undirskrift rannsakanda til staðfestingar að upplýsts samþykkis foreldris/forráðamanns hafi verið aflað:

---

Undirskrift rannsakanda

*Upplýst samþykki fyrir þessari rannsókn er í tvíriti og heldur þátttakandi eftir öðru eintaki af því. Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða villt hætta þátttöku í rannsókninni, getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla3, 108 Reykjavík, sími 551 7100, fax 5511444.*

### **Fylgiskjal H: Viðtalsrammi**



## **Viðtalsrammi fyrir viðtöl við starfsmenn í Fjölsmiðjunni á Akureyri.**

Með þessu samtali er markmiðið að fá að innsýn inn í líf þitt og störf. Þú hefur nú þegar svarað spurningalista um það hvernig þú bregst við erfiðum aðstæðum í daglegu lífi. Mig langar til þess að spyrja þig svolítið nánar, um starfið í Fjölsmiðjunni og um annað í lífi þínu sem skiptir þig máli. Sérstaklega hef ég áhuga á að heyra skoðanir þínar á því hvaða tækifæri þú hefur í lífinu og ennfremur hvort og þá hvernig aðstoð þú telur þig hafa þurft á að halda frá því þú varst barn.

### **Fjölskylduaðstæður.**

Segðu mér frá fjölskyldunni þinni.

Býrð þú hjá foreldrum, í eigin íbúð eða hjá öðrum?

Við hvaða aðstæður ert þú alinn upp? Hjá hverjum bjóst þú og hvernig voru aðstæður fjölskyldunnar t.d. fjárhagslega. Hver var atvinnustaða foreldra eða forráðamanna. Hvernig var að alast upp á þínu heimili?

### **Tengsl.**

Átt þú vin/vini? Ert þú tengd/ur foreldrum þínum tilfinningalega? Þekkir þú einhvern sem þú getur talað við um hvað sem er s.s. vandamál og erfiðleika?

- ef já, hvern?

### **Aðstoð/stuðningur.**

Fékkst þú þá hjálp sem þú þurftir á að halda þegar þú varst barn (í skóla og annars staðar)?

Ef þú fékkst hjálp, hvaðan kom hún?

- frá fjölskyldunni, vinum eða annars staðar frá. Í hverju var hjálpin/aðstoðin fólgin?

### **Starfið í Fjölsmiðjunni.**

Hvernig er að vinna í Fjölsmiðjunni? Hvað er áhugaverðast? Hvað hefur verið lærdómsríkast fyrir þig? Hvað má betur fara?

### **Eigin viðbrögð og bjargir.**

Í listanum sem þú fylltir út kom fram hvaða leiðir þú notar í erfiðum aðstæðum.

Lendir þú oft í erfiðum aðstæðum í daglegu lífi, heima eða í vinnunni?

Hvaða leiðir koma þér að mestu gagni?

Vilt þú breyta viðbrögðum þínum,

- ef já, hvernig?

### **Framtíðaráform.**

Hver eru framtíðaráform þín eftir að þú hættir að vinna í Fjölsmiðjunni?

Stefnir þú á að fara í skóla?

- ef já, hvað ætlar þú að læra?



Stefnir þú á að fara á vinnumarkaðinn?

- ef já, hver er draumavinnustaðurinn?

Hefur þú áform um að stofna fjölskyldu?

- ef já, hvernig verður fjölskyldan þín?

**Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?**

## **Fylgiskjal I: Samstarfsyfirlýsing félagsráðgjafa**

### **Samstarfsyfirlýsing Vegna rannsóknarinnar: Aðstæður ungs fólks í Fjölsmiðjunni á Akureyri.**

**Ábyrgðarmaður rannsóknar:** Snæfríður Þóra Egilsson, dósent.

**Rannsakandi:** Guðrún Sigurðardóttir, meistaranemi.

Undirrituð, Jakobína Elva Káradóttir, félagsráðgjafi hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands, lýsi hér með yfir vilja til samstarfs við ofangreinda aðila vegna lokaverkefnis Guðrúnar Sigurðardóttur til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Samstarfið felst í því að vera reiðubúin til þess að veita þátttakendum viðtöl sér að kostnaðarlausu eftir því sem þörf verður á.

---

Staður og dagsetning

---

Jakobína Elva Káradóttir, félagsráðgjafi